



Reykjavík 16. október 2013

Ágæti viðtakandi,

**Dagur gegn einelti
8. nóvember**

Dagurinn 8. nóvember er helgaður baráttunni gegn einelti í samféluginu. Dagurinn verður haldinn hátiðlegur í þriðja sinn fóstudaginn 8. nóvember næstkomandi og er markmiðið með deginum að vekja sérstaka athygli á málefnum og hversu alvarlegt einelti er. Í tengslum við baráttudaginn 2011 undirituðu fulltrúar stjórnvalda, sveitarfélaga, félagsamstaka og opinberra stofnana þjóðarsáttmála gegn einelti og lýstu þar með vilja sinum til að leggja þessu málefni lið. Sáttmálinn er því grunnur að frekari vinnu þeirra sem undirrituðu hann í Höfða 2011. Hvatt er eindregið til þess að sem flestir undirriti sáttmálann og sýni þar með hug sinn í verki. Það er hægt að gera rafrænt á heimasiðu verkefnisins. Slóðin er www.gegneinelti.is og blasir sáttmálinn við á forsiðu vefsins.


Stjórnvöld hvetja skóla og aðrar stofnunar, sem og landsmenn alla, til að nýta 8. nóvember til að hugleiða hvernig hægt er að stuðla að jákvæðara samfélagi fyrir alla og beina athylinni að því að koma í veg fyrir og uppræta það þjóðarböl sem einelti er. Í ár verður sjónum beint að skólasamféluginu og þá sérstaklega framhaldsskólum.

Að venju mun verkefnastjórn um aðgerðir gegn einelti standa fyrir dagskrá í tilefni dagsins. Dagskrá dagsins verður auglýst síðar á heimasiðu verkefnisins, www.gegneinelti.is.

Í tilefni dagsins munu bjöllur, klukkur og skipsflautur óma í sjö mínútur um allt land frá kl. 13:00- 13:07, ein mínuða fyrir hvern dag án eineltis. Skólasamfélög, vinnustaðir og samfélagið í heild eru hvött til þess að taka höndum saman og helga 8. nóvember baráttunni gegn einelti með einhverjum hætti. Sýnum samstöðu í verki, skrifum undir þjóðarsáttmálanum og hringjum bjöllum kl.13:00.

Nánari upplýsingar um daginu má finna á heimasiðu verkefnisins www.gegneinelti.is

Með vinsemdu og virðingu,


Þórir Gunnarsson

mennta- og menningarmálaráðherra


Eygló Harðardóttir

félags- og húsnæðismálaráðherra

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	25.10.2013
Málsnr:	1310400
Bréfal:	252-1